

REGLUR

um tæknilega staðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna út eiginfjárgrunn, eiginfjárkröfur, stórar áhættuskuldbindingar og vogunarhlutfall í samræmi við reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.

2. gr.

Tíðni og form gagnaskila fjármálafyrirtækja.

Fjármálafyrirtæki skal skila gögnum á því formi sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 frá 16. apríl 2014, með áorðnum breytingum, sbr. 3. gr. þessara reglna. Gögnum skal skila með þeirri tíðni sem tilgreind er í reglugerðinni.

3. gr.

Birting tæknilegra staðla.

Með vísan til 2. gr. öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 frá 16. apríl 2014, um tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja til eftirlitsstofnana, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/79 frá 18. desember 2014, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla gagnaskila fjármálafyrirtækja að því er varðar kvaðabundnar eignir, einkvæmt gagnapunktalíkan og gagnareglur, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/227 frá 9. janúar 2015, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1278 frá 9. júlí 2015, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja að því er varðar leiðbeiningar, form og skilgreiningar, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/428 frá 23. mars 2016, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 680/2014 varðandi tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja að því er varðar upplýsingar um vogunarhlutfall, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Fjármálaeftirlitið til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/79, 2015/227, 2015/1278 og 2016/428 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. *Official Journal of the European Union*):

1. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465398840317&uri=CELEX:32014R0680>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 191, þann 28. júní 2014, bls. 1-1861;
2. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465398840317&uri=CELEX:32015R0079>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 014, þann 21. janúar 2015, bls. 1-44;
3. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465398840317&uri=CELEX:32015R0227>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 048, þann 20. febrúar 2015, bls. 1-630;
4. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465398840317&uri=CELEX:32015R1278>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 205, þann 31. júlí 2015, bls. 1-300; og

5. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465398840317&uri=CELEX:32016R0428>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 083, þann 31. mars 2016, bls. 1-55.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í a-lið 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 2. júní 2017.

Anna Mjöll Karlsdóttir.

Sigurður Freyr Jónatansson.

B-deild – Útgáfud.: 7. júní 2017